



887. fundur stjórnar GSÍ, 12. apríl 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Jón Júlíus Karlsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Samstarfsaðilar 2017

Forseti fór yfir stöðu á samstarfssamningum GSÍ og hvatti stjórnarmenn í framhaldinu til þess að aðstoða markaðstjóra GSÍ við að ná í nýja samstarfsaðila.

Skýrsla markaðstjóra frá því á síðasta fundi fjárhagsnefndar var kynnt fundarmönnum. Ekki hefur tekist að fá samstarfsaðila fyrir Íslandsmót golfklúbba en rætt var um að gera mótið meira aðlaðandi fyrir samstarfsaðila í framhaldinu.

3. Samráðsfundir

Nú hefur stjórn GSÍ tekið samráðsfundi á vormánuðum með forystumönnum GO og GK.

Stefnt er að því að funda næst með forráðamönnum GM, GR og golfklúbbum á

Suðurnesjum. Haukur Örn fór yfir það helsta sem rætt hefur verið á vorkundum.

Markmið funda sem þessa er að hlusta á raddir forystumanna golfklúbba landsins og segja frá starfi sambandsins á hverjum tíma.

4. Afmæli GSÍ - dagskrá

Forseti kynnti fyrirhugaða dagskrá 75 ára afmælis GSÍ, en samþykkti stjórn að halda afmælisveislu þar sem forystumönnum golfklúbba landsins verður boðið ásamt samstarfsaðilum, forystumönnum ÍSÍ og forseta Íslands.

5. Reglugerðir

Forseti fyrir hönd laganefndar kynnti til leiks breytingar á reglugerðum og í framhaldinu voru þær samþykktar. Reglugerðirnar verða sendar í framhaldinu á klúbbana til yfirlstrar og athugasemda.

6. Ólympíuleikar ungmenna 2018 - keppendur í golfi

Stjórn GSÍ voru kynntar nýlegar fréttir um að GSÍ hefði fengið þátttökurétt fyrir tvo leikmenn á Ólympíuleikum ungmenna árið 2018 sem haldnir verða í Brasilíu. Afar ánægjulegar fréttir fyrir golfhreyfinguna og verða þetta fyrstu íslensku kylfingarnir til að taka þátt í Ólympíuleikum.

7. International Golf Conference R&A

Haukur Örn kynnti fundarmönnum dagskrá ráðstefnunnar sem haldin verður dagana 25.-27. apríl næstkomandi í Skotlandi. Samhliða fundinum verður fundur hjá framkvæmdastjórn



EGA, sem Haukur Örn sækir, auk Norðurlandafundar og fundar hjá North Zone innan EGA. Skýrslu verður skilað til stjórnar GSÍ á næsta fundi stjórnar.

8. Íþróttaping ÍSÍ 5.-6. maí

Farið var yfir dagskrá komandi 73. Íþróttapings og rætt um hverjir yrðu fulltrúar GSÍ á þinginu. Mjög líklega verða úthlutunarreglur afrekssjóðs ÍSÍ töluvert í sviðsljósinu á þinginu.

9. Önnur mál

- Forseti sagði frá meginatriðum fundar sem haldinn var með forsvarsmönnum Eimskipafélags Íslands.
- Vinavallasamningar og fyrirtækjasamningar golfklúbba voru ræddir.
- Ráðningarferli mótastjóra GSÍ, Andrea Ásgrímsdóttir lætur af störfum í lok apríl en leit stendur yfir að nýjum mótstjóra.
- Endurnýjun á markaðsefni GSÍ, málinu vísað til útbreiðslunefndar til umfjöllunar.
- Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 18. maí nk. kl.17:00 í fundarsal GSÍ.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi slitið kl. 18.45